

## **Systkina- og fjölgreinaafsláttur**

### **Tillaga**

#### **Flutningsmaður Harpa Þorsteinsdóttir**

Garðabæjarlistinn leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur til að skoða hvernig systkina og fjölgreinaafslætti er háttað í nágrannasveitarfélögum. Starfshópurinn skoðar sérstaklega kostnað og útfærslur. Starfshópurinn leggur fram hugmyndir um hvernig best sé fyrir íþróttafélög í Garðabæ að innleiða systkina og fjölgreinaafslátt og með hvaða hætti Garðabær geti stutt við þá innleiðingu. Starfshópurinn skipa einn frá Garðabæjarlistanum, einn frá Sjálfstæðisflokki, einn frá Stjórnunni, einn frá UMFÁ og íþróttafulltrúi Garðabæjar. Starfshópurinn skilar sínum hugmyndum fyrir 30. september 2018. Garðabæjarlistinn leggur til að stefnt verði að því að innleiða systkina og fjölgreinaafslátt hjá íþróttafélögum í Garðabæ í janúar 2019.

#### **Greinagerð**

Með systkinaafslætti er stigið mikilvægt skref í að minnka útgjöld barnafjölskyldna í bæjarfélaginu og er það í takt við fjölskylduvænar áherslur. Ávinningur þess að koma á systkinaafslætti felur auk þess í sér að tryggja að öll börn hafi sem jafnastan aðgang að íþrótt- og tómstundaiðkun ásamt því að fá aukin tækifæri til þess að prufa fleiri greinar. Mikilvægt er að farið verði í að leita leiða í samningaviðræðum við Stjórnuna og UMFÁ um útfærslur á systkinaafslætti á æfingagjöldum frá 5-18 ára aldurs. Í samanburði við nágrannasveitarfélögin þá er Garðabær eftirbátur nágrannasveitarfélaga hvað varðar systkinaafslætti og jafnframt eru æfingagjöld í hærri lagi. Það er því ljóst að með þessari breytingu myndi létta á útgjöldum barnafjölskyldna að verulegu leyti. Útfærsla systkinaafsláttar eru með ýmsu móti, í nágrannasveitarfélögum er afsláttur á bilinu 10-15%, útfærður á mismunandi vegu og því mikilvægt að koma á samræmi á milli íþróttafélaga innan sveitafélagsins hvað þetta mál varðar.